

2301. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn mánudaginn 6. nóvember 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Orri V. Hlöðversson, Pálmi Haraldsson (á teams), Tinna Hrund Hlynsdóttir (á Teams) og Unnar Stefán Sigurðsson.

Mættir varamenn: Hildur Jóna Þorsteinsdóttir (tók sæti Halldórs B. Jóhannessonar).

Forföll: Halldór Breiðfjörð Jóhannsson.

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

Fundargögn:

- Fundargerð fundar 2300
 - Minnisblað um framkvæmd landsleiks erlendis
 - Umsögn um þingsályktunartillögu
 - Erindi frá Ungmennaráði KSÍ
-

Stjórn KSÍ vottaði fjölskyldu, vinum og félögum Ibrahim Shah Uz-Zaman í Haukum samúð sína.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt
 - a. Fundargerð 2300.
2. Fundargerðir nefnda og fréttir frá ÍTF
 - a. Orri V. Hlöðversson formaður ÍTF fór yfir fréttir af vettvangi ÍTF. Fulltrúar ÍTF eru nýkomnir af aðalfundi European leagues þar sem ÍTF fékk formlega viðurkenningu sem meðlimur.
 - b. Fundargerðir nefnda/starfshópa voru lagðar fram til kynningar:
 - ✓ Fjárhags- og endurskoðunarnefnd 6. nóvember 2023.
3. Lög og reglugerðir
 - a. Lögð var fram til afgreiðslu tillaga til breytinga á viðaukum í enskri útgáfu af leyfisreglugerð KSÍ. Beðið er umsagnar frá endurskoðanda KSÍ. Málið verður afgreitt á milli funda með rafrænum hætti.
4. Stefnumótun KSÍ
 - a. Phil Taylor og Oleksandr Kucheriavyi fulltrúar UEFA kynntu stefnumótun KSÍ sem unnin hefur verið með aðstoð UEFA Grow. Fulltrúar UEFA hafa lýst yfir mikilli ánægju varðandi aðkomu stjórnar og starfsfólks KSÍ í þessari vinnu. Stefnan verður kynnt á formanna- og framkvæmdastjórafundi 25. nóvember næstkomandi og síðan aftur á ársþingi KSÍ sem fram fer 24. febrúar 2024. Rætt um skýrslugerð vegna áhrifa aðgerða og verkefna (impact reporting) og notkun gagna.
5. Laugardalsvöllur
 - a. Rætt um kaup á varaflostöð fyrir Laugardalsvöll og frekari upplýsingar lagðar fram. Ákvörðun frestað þar til allar upplýsingar liggja fyrir og þá gæti komið að því að ákvörðun verði tekin á rafrænan hátt á milli funda.

6. Mótamál

- a. Rætt um tillögu fjárhags- og endurskoðunarnefndar um þátttökugjöld skv. grein 13.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Stjórn KSÍ samþykkti eftirfarandi um þátttökugjöld í mótin 2024:

Íslandsmót meistarafll.	110.000.-
Nýskráningargjald mfl.	220.000.-
Bikarkeppni mfl.	35.000.-

- b. Rætt um tillögu um gjöld vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara og aðstoðardómara í samræmi við greinar 19.7 og 13.5 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Farið var vel yfir forsögu málsins, en fram til ársins 2008 greiddu aðildarfélag KSÍ ferða- og upphaldskostnað dómara og aðstoðardómara en var þá gjaldið kr. 180.000.- fyrir félag í landsdeildum mfl. kvenna og kr. 330.000-380.000 fyrir félag í landsdeildum mfl. karla. Stjórn skoðaði núvirði þessara upphæða. Á árunum 2009-2022 tók KSÍ yfir þessar greiðslur. Árið 2023 var aftur tekið upp gjald í samræmi við reglugerð og var greiðslan kr. 75.000.- á hvert félag, óháð deild. Stjórn KSÍ ræddi á fundinum um að innheimta gjöldin í samræmi við hlutfallslegan kostnað hvernar deildar í ferða- og upphaldskostnaði dómara- og aðstoðardómara. Stjórn KSÍ er sammála því að mikilvægt sé að skoða gjaldtöku í stærra samhengi og að skoða þurfi málið áfram með hliðsjón að fjármögnun dómara starfs og starfsemi sambandsins almennt.

Með þessi sjónarmið að leiðarljósi samþykkti stjórn gjöld vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara og aðstoðardómara í deildar- og bikarkeppnum meistaraflokka og enn fremur samþykkti stjórn að hefja sem fyrst vinnu við undirbúning 4-5 ára áætlunar um gjaldtöku í samræmi við reglugerðina, með virku samtali við aðildarfélag sambandsins.

Íslandsmót - Besta deild karla	150.000
Íslandsmót - Lengjudeild karla	135.000
Íslandsmót - Besta deild kvenna	120.000
Íslandsmót - Lengjudeild kvenna	100.000
Íslandsmót - 2. deild karla	100.000
Íslandsmót - 3. deild karla	85.000
Íslandsmót - 2. deild kvenna	85.000
4. deild karla	85.000
5. deild karla	55.000

7. Landsliðsmál

- a. Rætt um leikvöll fyrir mögulegan umspilsleik A landsliðs kvenna í febrúar 2024 í ljósi þeirra krafna sem gerðar eru í reglugerð UEFA, en UEFA gerir ólíkar kröfur um keppnisvelli í leikjum A landsliðs karla og kvenna.
- b. Lagt fram minnisblað um leikvelli fyrir mögulegan umspilsleik A landsliðs karla í mars 2024 og málefni liðsins. Framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram með starfsmönnum sambandsins, m.a. að óska eftir heimild frá UEFA til að leika mögulegan umspilsleik utan Íslands.

8. Önnur mál

- a. Lagt var fram afrit af umsögn KSÍ vegna 63. máls, frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis (skattalegir hvatar vegna launa keppnis- og afreksipróttafólks). Þá var rætt um viðbrögð ÍSÍ við athugasemdum KSÍ við endurskoðun á reglugerð um afrekssjóð ÍSÍ.

- b. Lagðar voru fram tillögur frá Ungmennaráði KSÍ sem sneru fyrst og fremst að dómaramálum. *Stjórn samþykkti að vísa tillögunum til dómaranefndar KSÍ.*
- c. Rætt um nýtt yfirborð á Laugardalsvöll.
- d. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður KSÍ tilkynnti stjórn að hún ætli ekki að gefa kost á sér í endurkjörs til formanns á næsta ársþingi KSÍ, sem fram fer 24. febrúar 2024.

Næstu stjórnarfundir:

- 25. nóvember, formanna- og framkvæmdastjórafundur
- 29. nóvember, stjórnarfundur
- 7. desember, stór fundur (stjórn, varamenn og fulltrúar landshluta)

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 19:22.